

Garðabær 18. október 2022

Á fundi bæjarstjórnar 7. apríl 2022 kom fram eftirfarandi tillaga.

2204062 - Bæjarstjórn Garðabæjar - 6. (902) (7.4.2022) - Tillaga um grænmetis- og ávaxtastund í grunnskólum.

Ingvar Arnarson kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu er hann flytur ásamt Hörpu Þorsteinsdóttur, Björg Fenger og Sigríði Huldu Jónsdóttur.

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela fræðslu- og menningarsviði að taka saman minnisblað um fýsileika þess að bjóða nemendum upp á grænmetis- og ávaxtastund í grunnskólum bæjarins. Minnisblaðið verði tekið til umræðu við gerð fjárhagsáætlun fyrir árið 2023."

Greinargerð

Með því að bjóða upp á grænmetis- og ávaxtastund (nesti) er létt undir með barnafjölskyldum.

Grænmetis- og ávaxtastund kemur í staðinn fyrir nestistíma og þurfa nemendur þ.a.l. ekki að mæta með nesti í skólann.

Hafa skal samráð við skólastjórnendur og ungmennaráð um framkvæmd og fýsileika ofangreindrar tillögu.

Garðabær er heilsueflandi bæjarfélag þar sem stuðlað er að því að börn uppfylla ráðleggingar um næringu. Í aðgerðaráætlun með lýðheilsu og forvarnarstefnu Garðabæjar kemur fram að bæta þurfi framboð af hollum mat í mótuneytum skóla. Lýðheilsuáðgerð sem þessi er til þess fallin að auka neyslu á grænmeti og ávöxtum. Í skólum bæjarins er mikilvægt að huga að fæðuvekjum barna og með þessu getum við lagt grunninn að mataræði sem hefur áhrif á andlega og líkamlega heilsu til framtíðar.

Ingvar Arnarson

Harpa Þorsteinsdóttir

Sigríður Hulda Jónsdóttir

Björg Fenger

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls um framlagða tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu.

Þar sem útboð vegna skólamáltíða var í vinnslu á þeim tíma sem tillagan var lögð fram, var ákveðið að bíða með fýsileikakönnun til haustsins 2022.

Fræðslusvið Garðabæjar sendi stutta könnun þann 3. október 2022 til allra forráðmanna í 1.-10. bekk bæjarskólanna í Garðabæ, þ.e. Álfstanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofstaðaskóla, Sjólandsskóla og Urriðaholtsskóla. Könnunin var opin í 3 sólahringa eða til miðnættis 6. október 2022.

Könnunin var send út í Question Pro – Survey. Alls tóku 766 forráðamenn þátt í könnuninni.

Tafla 1. Fjöldi nemenda eftir árgöngum í grunnskólum (bæjarskólum) í Garðabæ.

Staðan í október 2022

Bekkir	Urrðaholtsskóli	Flataskóli	Hofstaðaskóli	Sjálandsskóli	Garðaskóli	Álfarnesskóli	Samtals GB skólar
1.b.	54	30	65	23		33	205
2.b.	42	42	50	26		35	195
3.b.	35	46	75	26		41	223
4.b.	27	49	77	27		36	216
5.b.	21	54	77	23		25	200
6.b.	10	71	92	19		30	222
7.b.	27	72	84	41		45	269
8.b.	3			23	215	39	280
9.b.	0			27	201	48	276
10.b.				14	202	35	251
	219	364	520	249	618	367	2337

Tafla 2. Þátttaka forráðamanna eftir fjölda og hlutfalli, eftir árgöngum

Bekkur	Fjöldi í árgangöngum	Fjöldi þátttakenda í könnun	Hlutfall þáttakanda af heildarfjölda nemenda	Hlutfall þáttakenda í könnun í %
1.- 4	839	425	51%	55%
5,-7.	691	289	42%	38%
8.-10	807	52	7%	7%
Samtals	2337	766	100%	100%

Í töflu 2 má sjá:


- fjölda nemenda eftir skólastigum,
- fjölda og hlutfall þátttakenda í könnunni m.v. fjölda í árgangi
- hlutfall þátttakenda í könnun eftir skólastigum

Áætlaður kostnaður:

- Áætlaður kostnaður fyrir grænmetis- og ávaxtaskammt **er 118 kr.** (skv. upplýsingum frá Skólamat) á hvern einstakling.
- Áætlaður kostnaður fyrir alla nemendur í bæjarskólum Garðabæjar 5. daga vikunnar er kr: **49.700.000.-** (118×2337 (nemendafjöldi) $\times 180$ (skóladagar)).
- Áætlaður kostnaður fyrir alla Garðbæinga í grunnskólum Garðabæjar (þ.e. bæjarskólar + sjálfstætt reknir skólar) = **Kr: 53.122.000.-** (118×2489 (nemendafjöldi) $\times 180$ (skóladagar)).


Inn í þennan kostnað á eftir að takat tillit til aukins starfsmannahalds en starfsmenn skólans koma til með að dreifa og ganga frá vegna ávaxta- og grænmetisnesti.

Í könnun fræðsluviðsins voru 766 forráðamenn sem svöruðu könnuninni eða um 32,7 % forráðamanna grunnskólanna. Meirihluti þátttakenda eða 425 eru forráðamenn nemenda í 1.-4.bekk þ.e. um 50% allra forráðamanna yngsta stigs grunnskólans.



Mynd 1. Hlutfall þátttakenda eftir árgöngum í könnun um áhuga á að kaupa ávaxta- og grænmetisnesti.

71% forráðamanna sem svöruðu því játandi að þeir hefðu áhuga á að kaupa fyrir sitt barn, ávaxta- og grænmetisnesti fyrir 118 kr. og vilja flestir kaupa nesti 5 daga vikunnar. 95 þátttakendur eða 12% þátttakenda svara því til, að þeir vilji ekki kaupa nesti.



Mynd 2. Fjöldi daga þeirra forráðamanna sem vilja kaupa grænmetis- og ávaxtanesti fyrir börn sín.

Þegar þátttakendur eru spurðir hvort þeir vilji kaupa nesti (sjá mynd 1) svara 95 af 766, því til að þeir vilji ekki kaupa nesti. Þegar þeir sem ekki vilja kaupa nesti eru spurðir hver ástæða þess er, svara 378 eða 49% þátttakendur ástæður þess (sjá mynd 3).

Kostar of mikið	27%	102
Barnið mitt vill ekki ávexti eða grænmeti í morgunnesti	24%	92
Ég vil útbúa morgunnesti fyrir mitt barn sjálf/ur	49%	184
Total	100%	378

Mynd 3. Ástæða þess að forráðamenn vilja ekki kaupa ávaxta- eða grænmetisnesti.

Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi

Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs